



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS  
LANDSAMTÖK UM SKYNSAMLEGA SKOTVEIÐI  
WWW.SKOTVIS.IS

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2414  
komudagur 13.5.2011

Reykjavík 13. maí 2011

Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umsögn Skotveiðifélags Íslands – SKOTVÍS – um frumvarp til laga um breytingu á lögum 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (hreindýraveiðar), 707 mál.

Samkvæmt erindi frá Nefndasviði Alþingis hefur umhverfisnefnd Alþingis óskað eftir umsögn frá Skotvís vegna fyrrgreinds frumvarps.

SKOTVÍS fagnar því að nauðsynlegar breytinga skuli gerðar á lögum nr. 64/1994 en félagið hefur bent á það um árabíl að ekki hefur verið hægt að halda námskeið fyrir hreindýraveiðileiðsögumenn í fjölda ára vegna ágalla í lögnum. Varðandi þann lið frumvarpsins hefur SKOTVÍS engar sérstakar athugasemdir nema þær að varað er við því að námskeiðin og prófin verði verðlögð fram úr hófi. Samkvæmt nýlegri auglýsingu frá UST nemur kostnaður vegna svona námskeiðs kr. 160.000-. Þá er eftir ferðakostnaður og uppihald svo ljóst er að heildarkostnaður liggur á bilinu 200-300 þúsund fyrir hvern þátttakanda.

Varðandi þann lið sem snýr að hæfnisprófi veiðimanna þá tekur SKOTVÍS undir þá kröfu sem fram kemur í frumvarpinu, að þeir veiðimenn sem ætli sér að veiða hreindýr þurfi að sýna fram á hæfni sína. Það samræmist áherslum SKOTVÍS sem endurspeglast í síðareglum félagsins. Þá er algengt í öðrum löndum að veiðimenn taki hæfnispróf. Aftur á móti hefur SKOTVÍS áhyggjur af verðlagningu vegna slíkra prófa og því hvernig hægt er að halda slíkt próf án þess að kostnaður vegna þeirra leggist þungt á veiðimenn. Hreindýraveiðar þykja nú þegar mjög kostnaðarsamar og þegar allt er talið til svo sem veiðileyfi, leiðsögumaður, gisting, ferðakostnaður, fæði og þjónusta kjötiðnaðarmanns þá getur ein veiðiferð hlaupið á hundruðum þúsunda fyrir þá veiðimenn sem koma langt að. Ef þau skotíþrótt- og skotveiðifélög sem hafa aðstöðu til að taka veiðimenn í skotpróf treysta sér til að gera slíkt fyrir lágmarkskostnað, þ.e.a.s fyrir gjald sem aðeins nemur kostnaði með hóflegri álagningu, þá getur Skotvís samþykkt það sem fram kemur í 1. m.gr. frumvarpsins:

*„Enginn má stunda hreindýraveiðar nema hann hafi til þess veiðileyfi og sé í fylgd með leiðsögumanni. Áður en veiðimaður fer til hreindýraveiða skal hann hafa staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum. Veiðimaður þarf að skila inn staðfestingu á að hann hafi lokið verklegu skotprófi fyrir 1. júlí ár hvert. Skili veiðimaður ekki inn staðfestingu skal veiðileyfi hans úthlutað að nýju.“*



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS  
LANDSAMTÖK UM SKYNSAHLIGA SKOTVEIÐ  
WWW.SKOTVIS.IS

Það verður að vera alveg skýrt að þessi kostnaður fari aldrei fram úr hófi og verði aldrei skattur á veiðimenn. Allur kostnaður vegna utanumhalds um veiðar og skipulagningu þeirra á að falla undir kostnað vegna veiðileyfis en ekki bætast við þennan þátt.

Það er jafnframt skoðun SKOTVÍS að veiðimenn sem hafa fellt tiltekin fjölda hreindýra, t.d. þrjú dýr, þurfi ekki fylgd leiðsögumanna nema þeir kjósi slíkt sjálfir. Það að hafa leiðsögumann er kostnaðarsamt og getur tafið fyrir framgangi veiðanna þegar margir veiðimenn ætla til veiða en of fáir leiðsögumenn eru fyrir hendi, auk þess sem fyrirkomulagið rýrir upplifun reynds veiðimanns af veiðunum.

Með nútíma tækni er hægur vandi að búa svo um hnútana að veiðimenn tilkynni sig inn á tiltekin veiðisvæði og séu í góðu sambandi við starfsmenn UST.

Í frumvarpinu um segir um hlutverk leiðsögumanna:

*„Hlutverk leiðsögumanna með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum að þekkja þau dýr sem hann má veiða, sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar, skrái þær upplýsingar á veiðiskýrslur sem krafist er og skili inn veiðiskýrslum rétt útfylltum. Leiðsögumaður á að sjá til þess að veiðar séu í samræmi við lög og reglur.“*

Reyndur veiðimaður getur hæglega uppfyllt þessar kröfur og farið eftir þeim lögum og reglum sem um þær gilda ekki síður en við aðrar veiðar.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar SKOTVÍS

Arne Sólmundsson, ritari

Davíð Ingason, meðstjórnandi